

HAGNAÐUR VIÐ STARFSEMI VIRK

ÚTREIKNINGUR MIÐAÐ

VIÐ ÁRIÐ 2018



UNNIÐ FYRIR
VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐ,
TALNAKÖNNUN HF.
MARS 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Myndir.....	2
Inngangur.....	3
Verkefnið.....	4
Gögn.....	4
Árangur af starfinu.....	6
Frávikagreining.....	10
Hvernig er reiknað?.....	12
Sparnaður og niðurstöður bókhalds.....	14
Niðurstaða.....	15

Myndir

<i>Mynd 1: Launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri.....</i>	4
<i>Mynd 2: Meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum.....</i>	5
<i>Mynd 3: Reiknaður hagnaður m.v. stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK.....</i>	6
<i>Mynd 4: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift.....</i>	7
▶ <i>Mynd 6: Reiknaður sparnaður 2013 til 2018 í milljörðum króna (h. ás) verðlag hvers árs og fjöldi útskrifaður (v. ás) 2013-18.....</i>	8
<i>Mynd 9: Reiknaður sparnaður 2013-2018 í milljörðum króna (h. ás) fast verðlag 2018 og fjöldi útskrifaður (v. ás) 2013-18 (m.v. að án meðferðar hefðu menn verið óvinnufærir í 36 mánuði).....</i>	11
<i>Mynd 10: Reiknaður meðalsparnaður 2013 til 2018 á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013-2018 (fast verðlag). Óvinnufærni í 36 mánuði.....</i>	11
<i>Mynd 11: Iðgjöld og reiknaður ábati af starfi VIRK 2018.....</i>	14
<i>Mynd 12: Hlutfallsleg skipting ábatans af endurhæfingunni.....</i>	15

Inngangur

Í þessari skýrslu er áætlaður sparnaður af endurhæfingu í stað þess að vera á bóttum bæði frá atvinnurekendum, sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins. Verkið er unnið að ósk Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK). Nú er hægt að bera saman útkomu undanfarin sex ár, en skýrslurnar hafa verið unnar með svipuðum hætti frá 2013 til 2018. Vegna breytinga á tölvukerfum VIRK voru gögn ekki með nákvæmlega sama hætti og áður. Reynt var að sannreyna gögn eins og mögulegt var. Í ljós komu frávik, en þau eru ekki talin koma að sök.

Jafnframt var nú ákveðið að reikna samanburð milli ára á föstu verðlagi, miðað við núvirðingu með launavísitölu. Þetta gerir samanburðinn raunhæfari en ella. Óvissan sem er um launabáttinn, þar sem ekki er byggt á raunverulegum launum þessara einstaklinga heldur nálgunum ýtir undir það að sparnaðurinn sé metinn af varfærni og skoðuð reiknuð frávik. Því er nú einnig reiknuð til samanburðar niðurstaða ef óvinnufærni án meðferðar hefði að jafnaði tekið 36 mánuði í stað 60.

Verkið var unnið sem hér segir: Fyrir lá skrá um alla einstaklinga sem útskrifuðust frá VIRK árið 2018. Um þá voru ítarlegar upplýsingar, meðal annars um kyn, aldur, lífeyrissjóð, starf, staða þegar starf VIRK byrjar og þegar einstaklingurinn útskrifast. Er þar átt við hvort menn eru í veikindafrii í vinnu, á sjúkra/slysadagpeningum, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri og svo framvegis. Ekki lágu fyrir upplýsingar um laun hvers um sig, en hvaða lífeyrissjóði þeir eru í. Talmakönnun hefur upplýsingar um launakúrfur eftir kyni og aldri í nokkrum lífeyrissjóðum og þær upplýsingar voru notaðar til nálgunar á launum einstaklinganna. Alls voru upplýsingar um 1.351 einstakling (1.115 einstaklinga árið 2017) sem útskrifuðust. Vegna breytinga á gagnagrunni voru aðeins um 77% skráðir í ákveðna lífeyrissjóði (91% árið 2017). Ekki var alltaf vitað í hvaða lífeyrissjóði, en þeim sem upplýsingar vantar um voru reiknuð laun samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra, en upplýsingar liggja fyrir um meðallaun árið 2016, eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu. Tölurnar voru framreiknaðar til ársins 2018 með launavísitölu.

Reiknuð voru laun samkvæmt meðaltali einstaklinga úr viðkomandi lífeyrissjóðum og lengd meðferðar hjá hverjum um sig. Þannig er hægt að setja fram ýmsar niðurstöður um tap samfélagsins af veikindunum og hagnað af endurhæfingu. Útreikningar af þessu tagi geta aldrei verið annað en nálgun. Engu að síður eiga útreikningarnir að gefa til kynna hvort hagnaður sé af slíkri starfsemi.

Niðurstöður í skýrslunni gefa hugmynd um hagnað hinna ýmsu aðila af endurhæfingunni. Þær mótast að sjálfsögðu af þeim forsendum sem menn gefa sér og í mörgum tilvikum er erfitt að sannreyna, því ekki er hægt að segja hvernig fólki hefði reitt af ef það hefði ekki verið í endurhæfingu. Útreikningarnir sem hér eru lagðir fram benda til þess að starfið sé mjög arðbært.

Vigfús Ásgeirsson hafði umsjón með verkinu en Benedikt Jóhannesson vann útreikninga.

Reykjavík 29. mars 2019,



Vigfús Ásgeirsson


Verkefnið

- ▶ Hugmyndin er að reyna að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- ▶ Starfsemi eins og VIRK sýnir í bókhaldi fyrst og fremst kostnað. Árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu og stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár.

Gögn

- ▶ Gögn fengust frá VIRK yfir alla þá sem útskrifuðust árið 2018, alls 1.351 einstaklinga
- ▶ Þar komu fram helstu lýðfræðilegar upplýsingar eins og aldur, kyn, menntun, hjúskaparstaða, starf og fleira.
- ▶ Ekki komu fram upplýsingar um laun, en þau voru metin skv. meðallaunum í þeim lífeyrissjóði sem einstaklingurinn var skráður í eða sambærilegum lífeyrissjóði. Þar sem lífeyrissjóðir lágu ekki fyrir voru notuð meðallaun samkvæmt RSK eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

Mynd 1: Launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri




Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Mynd 1 sýnir svipaða mynd og sjá má í flestum lífeyrissjóðum, þ.e. tekjur aukast til 45 ára og standa í stað fram yfir sextugt en lækka eftir það. Karlar eru með hærri tekjur en konur. Þeir eru aftur á móti færri og sveiflur því meiri frá meðalkúrfum.
- ▶ Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki m.v. raunverulegar tekjur þessara einstaklinga heldur reiknaðar meðaltekjur eftir aldri og kyni út frá því í hvaða lífeyrissjóði þeir eru.

Gerðar voru ýmsar prófanir á gögnunum og ekkert benti til þess að í þeim væru neinar meiriháttar villur.

Meðallaun þeirra sem voru í meðferð 1-24 mánuði voru 390 þúsund á mánuði og 343 þúsund hjá þeim sem voru 25 til 40 mánuði.

Mynd 2: Meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum




Útreikningar Talnakönnunar.

Árangur af starfinu

Mikill munur var á því hvernig árangurinn var eftir því hvernig staða fólks var þegar það hóf þátttöku hjá VIRK. Eins og gefur að skilja vegnaði mönnum almennt betur eftir því sem þeir komu fyrir í endurhæfingu eftir að sjúkdómur hófst eða slys varð. Hér að neðan eru sýndar nokkrar myndir þar um, en ekki eru um að ræða tæmandi úttekt.


Á myndunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af m.v. grunnmat, þ.e. það mat þegar þeir koma inn í ferlið. Mynd 3 bendir til þess að árangurinn sé mjög mismunandi eftir því í hvaða stöðu menn eru þegar þeir koma til VIRK. Mestur reiknaður árangur næst í hópunum sem annars vegar voru ekki með tekjur, en hins vegar á endurhæfingarlífeyri. Hér verður ekki farið út í vangaveltur um það hvers vegna þetta er, en þó má reikna með því að árangurinn sé almennt betri eftir því sem menn koma fyrir inn í meðferðina. Svo þarf að hafa í huga að laun þegar menn koma inn skipta máli í útreikningunum. Námsmenn eru t.d. fáir, yfirleitt ungir og hafa lág viðmiðunarlaun.

Mynd 3: Reiknaður hagnaður m.v. stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK



Fjárhæðir í krónum. Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 4: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift




Fjárhæðir í krónum. Útreikningar Talnakönnunar.

Þessar myndir gefa til kynna að eftir miklu getur verið að slægjast ef endurhæfing tekst vel til. Þarna er fjárhagslegur hagnaður reiknaður í milljörðum króna, en auk þess er auðvitað hagnaður einstaklingsins af því að hafa öðlast starfshæfni á ný. Loks má reikna með því að ýmiss samfélagslegur kostnaður verði mun minni en ella, t.d. kostnaður heilbrigðiskerfisins.

Borinn er saman fjöldi þeirra sem útskrifuðust árið 2018 við þá sem útskrifuðust árin 2013 til 2017. Af myndunum má sjá að fjöldi útskrifaðra eykst mikið á milli 2017 og 2018. Þar sem launakúrfur hafa hækkað mikið á undanförunum árum, alls rúmlega 40% á tímabilinu og þar af um 7% frá 2017 til 2018 eru bæði reiknað á föstu verðlagi (mynd 5) og breytilegu verðlagi eins og fyrri ár. (sjá mynd 6).

Mynd 5: Reiknaður sparnaður 2013 til 2018 í milljörðum króna (h. ás), fast verðlag 2018 og fjöldi útskrifaður (v. ás)




Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að þegar reiknað er á föstu verðlagi er fjöldi útskrifaðra mesti áhrifavaldur á reiknaðan sparnað.

Til þess að auðvelda samanburð við myndir í fyrri skýrslum er hér einnig sýnd þróunin á verðlagi hvers árs.

- **Mynd 6: Reiknaður sparnaður 2013 til 2018 í milljörðum króna (h. ás) verðlag hvers árs og fjöldi útskrifaður (v. ás) 2013-18**




Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 6 er sambærileg við myndir í fyrri skýrslum.

Eins og fyrri ár er reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling miðað við fast verðlag 2018.


Mynd 7: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013-2018 (fast verðlag 2018).



Myndin sýnir að reiknaður sparnaður á hvern útskrifaðan einstakling á föstu verðlagi lækkar frá árunum 2016 og 2017, en er svipaður og árið 2015. Niðurstöðurnar benda til þess að ef fleiri sem útskrifast sé heildarsparnaður meiri, en sparnaður á hvern einstakling minni (sjá tölur frá 2015 til samanburðar).

Jafnframt birtist hér mynd 8 um meðalávinning á breytilegu verðlagi, en hún er sambærileg við myndir í fyrri skýrslum.

Mynd 8: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013-2018 (verðlag hvers árs).



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Frávikagreining

Hér að framan er reiknaður sparnaður metinn með sama hætti og í fyrri skýrslum, þ.e. miðað er við að þeir sem náðu bata hefðu án meðferðar verið óvinnufærir í 60 mánuði (fimm ár). Eins og vikið hefur verið að í fyrri skýrslum er útilokað að gefa eina „réttu“ tölu um hvernig meta á árangurinn og því eðlilegt að skoða líka útkomu ef miðað er við aðrar forsendur.


Hvernig hefði niðurstaðan verið ef t.d. væri miðað við 36 mánuði, svo dæmi sé tekið? Á myndum 9 og 10 hér á eftir er miðað við að án meðferðar hefðu viðskiptavinir VIRK verið óvinnufærir í þrjú ár.

Myndirnar sýna sams konar ferla og sömu meginniðurstöðu og fyrri myndir, þ.e. að sparnaðurinn er mjög mikill eða milli 11 og 12 milljarðar króna á móti kostnaði upp á rúmlega þrjú milljarða.

Hægt er að taka enn íhaldssamari útreikning, þannig að aðeins sé tekið tillit til þeirra sem voru ekki á vinnumarkaði í upphafi meðferðar, en voru komnir í vinnu að henni lokinni. Jafnvel með því að reikna engan ávinning af meðferð hinna væri sparnaðurinn fyrir samfélagið af VIRK tæplega 6 milljarðar króna árið 2018 (á móti þriggja milljarða kostnaði).


Þessar vangaveltur sýna að jafnvel miðað við íhaldssamar forsendur bendir allt til mikillar þjódhagslegrar arðsemi af starfsemi.

Mynd 9: Reiknaður sparnaður 2013-2018 í milljörðum króna (h. ás) fast verðlag 2018 og fjöldi útskrifaður (v. ás) 2013-18 (m.v. að án meðferðar hefðu menn verið óvinnufærir í 36 mánuði)



Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 10: Reiknaður meðalsparnaður 2013 til 2018á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013-2018 (fast verðlag). Óvinnufærni í 36 mánuði.



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Hvernig er reiknað?

Meginútreikningar eru með sama hætti og áður nema hvað nú er megintilvik reiknað á föstu verðlagi 2018 í stað verðlags hvers árs. Eins og áður hefur verið vikið að skipta forsendur miklu máli. Reiknað hefur verið miðað við að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir. Nú er reiknað til samanburðar tilvik sem miðar við óvinnufærni í 36 mánuði, en í forsendum af þessu tagi er aldrei hægt að gefa sér eina „réttu“ tölu. Mestu skiptir þó að ábatinn af starfseminni, sem vissulega er erfitt að reikna af nákvæmni, sé meiri en kostnaðurinn við reksturinn. Jafnframt er vakin athygli á því að í námunda við meðaltalið 60 mánuði er tæplega 1,4% frávik í plús eða mínus eða nálægt +/-250 milljónir króna.


- ▶ Menn geta gefið sér ýmsar forsendur við matið. Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- ▶ Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.
- ▶ Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK kemur inn til VIRK og útskrifast á vinnumarkað (þ.e. er með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift) er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK.
- ▶ Reynslan sýnir að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- ▶ Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri.
- ▶ Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- ▶ Með aðra er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (þrjú ár) óvinnufærir.
- ▶ Þetta er væntanlega fremur varfærin forsenda, því ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.
- ▶ Tala mánaða í meðferð er dregin frá 60 og niðurstöðutalan margfölduð með reiknuðum launum. Reiknað var núll, ef meðferð tók lengri tíma en 60 mánuði.
- ▶ Formúlan fyrir síðasta hópinn er:
- ▶ $(60 - \text{mánuðir í meðferð}) \times \text{reiknuð laun}$
- ▶ Reiknað fyrir hvern og einn og fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.

- ▶ Niðurstaðan gefur 17,2 milljarða króna í ávinning. Í fyrra var sambærileg tala 15,0 milljarðar (fast verðlag 2018, núvirt með launavísitölu).
- ▶ Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,4% frávik í plús eða mínus eða um +/-246 milljónir króna.
- ▶ Þetta þýðir að sparnaður ef miðað er við 50 mánuði í stað 60 er sparnaðurinn 14,7 milljarðar og 18,3 milljarður króna ef miðað væri við 42 mánuði.

Sparnaður og niðurstöður bókhalds

Til fróðleiks má setja inn iðgjöld og kostnað VIRK skv. ársreikningi árið 2018 með reiknuðum ábata.

Mynd 11: Iðgjöld og reiknaður ábati af starfi VIRK 2018




Blái hluti vinstri súlunnar sýnir iðgjöld árið 2018, en rauði er mismunur kostnaðar og iðgjalda. Kostnaður var 3.130 milljónir króna en tekjur, iðgjöld að viðbættu framlagi ríkisins, um 3.302 milljónir króna. Ársreikningur VIRK. Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Einnig var reiknað tryggingafræðilegt núvirði starfsævi við útskrift fyrir sérhvern einstakling og flokkað eftir hópum.
- ▶ Niðurstaðan er sú að heildarvirðið hafi verið 95 milljarðar króna. Þar af reiknast 50,6 milljarðar króna á þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Ávinninginn má reikna sem hlutfall af þessari tölu, t.d. að einn af hverjum tveimur hafi öðlast bata fyrir tilstilli VIRK. Það eru 22 milljarðar kr. Þriðjungur væri tæplega 15 milljarðar króna.

Þessir útreikningar sýna að það er ekki hægt að benda á eina tölu sem hagnað af endurhæfingarstarfinu. Hins vegar benda tölurnar til þess að hann sé mjög mikill.

Til fróðleiks var sett fram hvernig áætlaður ábati skiptist milli Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, einstaklinganna og ríkisins í formi skatttekna. Þetta sést á mynd 12:

Mynd 12: Hlutfallsleg skipting ábatans af endurhæfingunni



Útreikningar Talnakönnunar.

Á mynd 12 er rétt að benda á að einstaklingar sem eru með lág laun geta verið betur settir fjárhagslega ef þeir fara á örorkulífeyri Tryggingastofnunar. Þeir eru táknaðir með neikvæðu súlunni lengst til hægri. Ef um ungt fólk er að ræða er líklegt að launin muni hækka síðar á ævinni þannig að slíkur „hagnaður“ er þá aðeins tímabundinn. Niðurstaðan er svipuð og fyrra ár.

Miðað við þetta er reiknaður hagnaður lífeyrissjóða í heild um 8,6 milljarðar króna á ári hverju, reiknaður hagnaður Tryggingastofnunar um 7,4 milljarðar króna og ríkið fær viðbótar reiknaðar skatttekjur upp á 740 milljónir króna. Ofan á þetta kemur svo hagur einstaklingsins, sem er bæði fjárhagslegur og í formi þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu.

Niðurstaða

- ▶ Þessi greining gefur mynd af því hverju starf VIRK skilaði á árinu 2018.
- ▶ Ábatinn af starfseminni skilar sér bæði til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á það bætist ábati einstaklingsins.
- ▶ Mjög erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á árangurinn, en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur frá ári til árs sem gefa þá vísbendingu um þróun. Þá er auðvitað líka mikilvægt að útreikningar byggi á skynsamlegri nálgun, en í útreikningum af þessu tagi er ómögulegt að gefa eina tölu um sparnað af starfseminni.
- ▶ Talnakönnun leggur sem fyrr áherslu á að matið er mikilli óvissu háð, en telur að niðurstöðurnar bendi eindregið í þá átt að starf VIRK sé mjög arðbært.